

**Nd. 458. Frumvarp til laga [106. mál]**

um aukinn skattfrádrátt til handa skipverjum á fiskiskipum.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

**1. gr.**

Við ákvörðun tekjuskatts skal hlífðarfatakostnaður sá, er um ræðir í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, hækkaður hjá togarasjómönnum um kr. 200.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð, en kr. 300.00 hjá öðrum fiskimönnum.

Auk þeirra, sem taldir eru í h-lið 10. gr. laga nr. 46 frá 1954, skulu allir aðrir skipverjar á togurum njóta frádráttar samkvæmt þessari grein.

**2. gr.**

Öllum skipverjum, sem verið hafa lögskráðir á íslenzk fiskiskip í 3 mánuði eða lengur á viðkomandi skattári, skal við ákvörðun tekjuskatts veittur sérstakur frádráttur, kr. 500.00 fyrir hvern lögskráningarmánuð.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.